

Áfangalýsing:

Frumkvöðlafræði er hugsuð sem þriggja anna samhangandi ferli. Nemendur einblína á þann auð sem er í nærumhverfinu og eiga að reyna að finna nýjan vinkil á stofnun fyrirtækis með sjálfbærni og vöxt sem markmið. Nemendur kanna allar hliðar fyrirtækjargerðar, allt frá hugmynd og viðskiptaáætlun til markaðssetningar, markhóps og framkvæmdar.

Þessi áfangi er hluti af samnorrænu verkefni sem er unnið í samvinnu við framhaldsskóla í Noregi og tvo í Finnlandi.

Meginmarkmið er að nemendur læri um ferlið að hrinda hugmynd í framkvæmd og forðast þau mistök sem frumkvöðlum verða oft á, læra að þekkja markaðstækifæri og mögulega ónýt tækifæri í nær umhverfi okkar og koma með hugmyndir um nýtingu og verðmætasköpun út með sjálfbærni í huga, aukna færni í mannlegum samskiptum og að vinna út frá auðnum í umhverfinu. Áfanginn snýst um frumkvöðlafræði, viðskiptafræði, markaðssetningu, læsi á umhverfi, skilning á sjálfbærni og tengslamyndun.

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Viðfangsefnum og hugtökum frumkvöðlafræðinnar sem tengjast námsefninu, t.d.

- þróun viðskiptahugmynda,
- áætlanagerð og verkefnastjórnun,
- skapandi hugsun,
- markaðssetning og tíðarandagreining,
- stjórnun og leiðtogaþættir,
- gerð viðskiptaáætlunar,
- sjálfbærni.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita algengustu hugtökum frumkvöðlafræðinnar á skýran og skilmerkilegan hátt,
- afla fjölbreyttra gagna,
- vinna sjálfstætt og gagnrýnið með efni áfangans,
- lesa og skilja umfjöllun um frumkvöðlafræði, markaðsfræði og nýsköpun,
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra,

- tjá sig í ræðu og riti um samfélagsleg og markaðstengd málefni.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti,
- geta tekið þátt í umræðum um málefni áfangans og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun og öflun gagna,
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær,
- geti hagnýtt Netið til að afla sér þekkingar, markaðstækifæra og tengsla,
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál, frumkvöðlatækifæri og sjálfbærni,
- geta áttað sig á og nýtt sér ferlið við gerð viðskiptaáætlunar og nýtingu markaðstækifæra

Haustönn 2017:

Í byrjun nóvember taka nemendur í áfanganum á móti nemendum og kennurum frá Ulvila í Finnlandi, Huittinen í Finnlandi og Þrándheimi í Noregi. Í vinnulotunni sem stendur í viku skila nemendur af sér verkefni sem þeir hafa unnið að á önninni. Í þetta sinn eiga nemendur að „stofna“ ferðaskrifstofu og útbúa 5 mínútna langt kynningarmyndband, vefauglýsingu, blaðaauglýsingu og útbúa viðskiptaáætlun. Auk þess eiga þau að taka 5 mínútna langt viðtal við frumkvöðul í ferðaþjónustu.

Kennsluefni:

Engin sérstök kennslubók er tilgreind en kennarar koma með ábendingar um lesefni eftir því sem áfanganum vindur fram.

Kennarar:

Ingunn Helgadóttir og Þórey Hilmarsdóttir